



Eyjablikksmótið í Eyjum



Góðir siðir fyrir iðkendur á Eyjablikksmótinu:

- Ég er stundvís og mæti á réttum tíma í leiki.
- Ég er jákvæður og í góðu skapi í leikjum, því mér finnst gaman.
- Ég mótmæli ekki því sem dómari/þjálfari segir.
- Ég kem kurteislega fram við mótherja/samherja, því ég vil að þeir komi vel fram við mig.
- Ég legg mig alltaf 100 % fram.
- Ég þarf bæði að kunna að vinna og tapa.
- Ég hjálpa samherjum eins og ég get á æfingum, í leikjum og hvar sem er.
- Ég geng vel um búningssklefa, íþróttasali og skólahúsnæði.
- Ég er í íþróttum fyrir sjálfan mig, af því að það er hollt og skemmtilegt.
- Ég reyni alltaf að vera félaginu og mínum nánustu til sóma, innan vallar sem utan.
- Ég ber virðingu fyrir fararstjóra/þjálfara og hlýði fyrirmælum þeirra í keppnisferðum.

Góðir siðir fyrir foreldra á Eyjablikksmótinu:

- Hrósið öllum leikmönnum meðan á leik stendur, ekki aðeins ykkar barni.
- Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs.
- Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans.
- Lítið á dómara sem leiðbeinanda barnanna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
- Gerið hóflegar kröfur til barnanna um árangur.
- Verið félaginu og barni ykkar til sóma. Við erum fyrirmyndir barnanna.